

Minnisblað

Höfundur: Hrafnhildur Tryggvadóttir,

Dags: 13. október 2021

Viðtakandi: Byggðaráð

Málsnúmer: 2109056

Minnisblað er varðar málið Uppsetning skilta og mögulegur Frisbee golf völlum - Fyrirspurn

Kynning á máli

Hollvinasamtök Borgarness óska eftir heimild byggðaráðs til að hefja undirbúning að þremur verkefnum í Borgarnesi. Verkefnin eru þess eðlis að samþykki landeiganda þarf að liggja fyrir, þótt ekki sé krafa um framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi.

Forsaga máls

Í september óskaði stjórn Hollvinasamtaka Borgarness eftir fundi með samskiptastjóra og deildarstjóra umhverfis-og framkvæmdamála, til að viðra ýmsar hugmyndir að verkefnum sem samtökin hefðu áhuga á að beita sér fyrir í Borgarnesi. Í kjölfar þess fundar sendu samtökin fyrirspurn til skipulagsfulltrúa varðandi hvaða ferli verkefnin þyrftu að fara í, hvaða leyfi væru nauðsynleg og fleira. Í ljós kom að verkefnin þurfa í flestum tilvikum einungis leyfi landeiganda. Hér er því óskað afstöðu byggðaráðs til þeirra hugmynda sem Hollvinasamtökin leggja hér fram. Ef leyfi landeiganda fæst fyrir þessum verkefnum, hyggjast samtökin hefja undirbúning að því að sækja um styrki og vinna að nánari hönnun á verkefnum.

Undirbúningur máls

Hollvinasamtökunum hefur verið leiðbeint af skipulagsfulltrúa varðandi ferli sem ýmis verkefni þurfa að fara í. Gögnin sem hollvinasamtökin hafa sent inn hafa verið sett saman á aðgengilegan hátt og liggja fyrir í fylgiskjöllum máls; *PosturHollvinasamtok1102021.pdf* og *Samantekt mynda.pdf*

Helstu sjónarmið

Verkefnin sem óskað er eftir að byggðaráð taki afstöðu til eru:

Frisbee-golf í Borgarnesi, Upplýsingaskilti í Borgarnesi og Suður- Klettur

Sameiginlegt markmið með öllum verkefnum er að fegra svæði, efla útivist og upplýsingagjöf til íbúa og gesta. Sjá nánar í fylgigögnum.

Lausnir

Í þeim tilvikum sem verkefnin kalla ekki á formleg ferli leyfisveitinga eins og byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi, er mikilvægt að fá afstöðu byggðaráðs til framtíðaruppbyggingar í Borgarnesi. Ef leyfi er veitt til Hollvinasamtakanna að hefja undirbúning að verkefnum, þarf þó að vera skýrt að öll

verkefnin séu unnin í samráði við sveitarfélagið og að fyrir liggi hvernig umsjón og viðhaldi með þeim skiltum og tækjum sem sett verða niður verði háttað.

Tillaga